

Kennari: Haukur Hilmarsson

Tímafjöldi: 6

Kennslufyrirkomulag: Smiðjur í 8 og 9.. bekk.

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	- Efni af vef - Ýmsar handbækur og blöð	-Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra. -Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reiknað kostnað. -Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði. -Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu. -Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar. -Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrófun. -Unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og fylgt fyrirmælum.	- Sýnikennsla í hópi - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti		